

14. fundur

Safnanefnd hélt fund miðvikudaginn 19. janúar 2000 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mættir voru Guðrún A. Gunnarsdóttir, formaður, Guðrún M. Ársælsdóttir, Laufey Hjaltalín, Guðmundur Andrésón, fundarritari.

Auk þeirra Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins.

Formaður setti fund kl. 17:40.

1. Störf Amtbókasafnsins.
Sigurlína sagði frá vinnu við Feng sem gengur vel. Vinna við upplýsingaþjónustu sem sótt er til safnsins er að aukast. Tölvuvæðing útlánakerfis er fyrirhuguð í vor. Skólabókasafnið notar aðgang safnsins að Feng og þarf að yfirfara kostnaðarhlina þ.e. hluta skólans.
2. Umdæmissöfn.
Lagðar fram tillögur nefndar sem stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga skipaði varðandi umsæmissöfn.
Sú nefnd leggur til að umdæmin verði 22. Nefndin telur að tillagan sé afturhvarf til fortíðar.

Safnanefnd telur varasamt að binda um of staðsetningu umdæmissafna með reglugerð. Líklegt er að þróunin verði þannig að stærstu almenningssöfnin bjóði þessa þjónustu gegn gjaldi.

3. Bréf bæjarráðs.
Lagt fram bréf Þjóðminjasafns Íslands, dags. 2.11.99, þar sem boðnar eru sýningarferðir "Þjóðminjar á ferð um landið".
Nefndin telur málið mjög áhugavert en leggur áherslu á að fjármagn til safnsins fari í viðhald og starfsemi þess.
4. Önnur mál.
Erindisbréf fyrir Safnanefnd Stykkishólmsbæjar lagt fram, en það var nýlega samþykkt af bæjarstjórn.

Rætt um bátasafnið.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50.

Guðmundur Andrésón, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Guðrún Marta Ársælsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.).

Íhs.